

**Fundargerð 354. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 30. maí 2018, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun: Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Fundur með heilbrigðisráðherra**
- 4. Aðalfundur BSRB**
- 5. EPN ráðstefnan og stjórnarfundur í Færeyjum**
- 6. Norðurlandamót í hjúkrun**
- 7. Mál á leið fyrir Félagsdóm/dóm**
 - Launaskriðstryggingarmálið
 - Ólögmet uppsögn á Sólvangi
- 8. Kjarasamningar**
 - Stofnanasamningar
 - Launaskrið SFV
 - Bókun 8 með kjarasamningi
- 9. Droplaugarstaðir**
- 10. Framkvæmdastjórn í sumar**
- 11. Fundur fulltrúa SLFÍ með framkvæmdastjóra hjúkrunar og deildarstjóra menntamála á LSH**
- 12. Námsstefna á komandi hausti í samningagerð á vegum ríkissáttasemjara á Bifröst**
- 13. Júniblað félagsins**
- 14. Íbúðafélagið Bjarg**

Önnur mál

Dagskrá

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð fundarmenn velkomna til fundar á sinn fyrsta fund sem formaður félagsins og fór yfir mikilvægi þess að vera í góðu samstarfi við stjórnarmenn.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Fundur með heilbrigðisráðherra

Fram kom að SBF, GÖG og BÓ hafi farið á fund heilbrigðisráðherra. SBF fór yfir minniblað sem rætt var og lagt fram hjá ráðherra. Á fundinum var sérstaklega farið yfir skortinn á sjúkraliðum, álagið, aldur og atgervisflóttann. Fulltrúar SLFÍ lögðu fram kröfu um að þegar ráðherra skipar vinnuhóp sem skoða á starfsumhverfi ákveðinna heilbrigðisstétta þá verði fulltrúi frá félaginu í þeim vinnuhópi og var ekki annað að skilja á ráðherra að það væri sjálfsagt. Einnig var farið sértaklega yfir menntamál sjúkraliða og fagháskólanámið. Á fundinum var farið yfir óánægju félagsins með afgreiðslu launaskriðsins hjá ríkinu.

4. Aðalfundur BSRB

SBF fór yfir helstu mál sem rædd voru á aðalfundi BSRB sem haldinn var 24. maí að Grettisgötu 89. Á aðalfundinum var m.a. rætt um breytt skipulag bandalagsins og ákveðið hefði verið að lækka aðildargjöld félaga að BSRB, en ekki kom fram hvaða áhrif það hefði á gjöld SLFÍ.

5. EPN ráðstefnan og stjórnarfundur í Færeyjum

Farið var yfir ferðatilhögun, dagskrá fundar og ráðstefnu. JT sagði frá að klárt væri með rútuferð frá Keflavík við heimkomu.

6. Norðurlandamót í hjúkrun

BÓ fór yfir gengi okkar fulltrúa á Norðurlandamótin í hjúkrun, sem haldið var í Noregi í síðustu viku, þ.s. félagið sendi tvo keppendur ásamt þjálfara og aðstoðarmanni. Fulltrúar Íslands/félagsins voru þeir sem sigruðu Íslandsmótið í hjúkrun á síðasta ári. Þeir enduðu jafnir í öðru sæti á Norðurlandamótinu, sem er frábær árangur.

Ákveðið var að veita þeim, þjálfara þeirra og aðstoðarmanni viðurkenningu fyrir þennan góða árangur.

7. Mál á leið fyrir félagsdóm/dóm

SBF fór yfir að hún og GÖG hefðu hitt lögmanninn sem vann álit fyrir félagið varðandi möguleika SLFÍ á að stefna ríkinu vegna framkvæmdar á launaskriðsgreiðslunum. Í álitinu kemur fram að grundvöllur sé til að stefna ríkinu fyrir félagsdóm og er þ.v. farið fram á að framkvæmdastjórn staðfesti að það verði gert. Ákveðið að stefna ríkinu eins fljótt og auðið er.

GÖG fór yfir ákvörðun stjórnenda Sólvangs í máli sem áður hefur verið kynnt, en þar hafa stjórnendur ákveðið að halda sig við að skerða veikindarétt sjúkraliða, sem fengin var til að skrifa undir uppsögn að loknum gildistíma tímabundins læknisvottorðs. Ákveðið hefur verið að fela lögmanni félagsins að stefna ríkinu vegna málsins.

8. Kjarasamningar

- Farið var yfir að þær stofnanir sem uppfæra á stofnanasamninga hjá vegna „potta“ eru að vinna tillögur sem sendar verða á félagið og verða metnar í samráði við hagfræðing félagsins og áherslur þess þegar þær berast.

- Búið er að ganga frá uppfærslu stofnanasamninga við Spooex, Ás styrktarfélag, FAAZ og Vistheimilið Bjarg. Unnið er að uppfærslu samninga við Reykjalund, MS setrið og Skálatún.
- Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa enn ekki hækkað laun sinna starfamanna á grundvelli launaskriðstryggingar, en til forsvarfólks þeirra hafa verið sendir útreikningar Gunnars Gunnarssonar hagfræðings og farið fram á þeir verði lagðir til grundvallar á útreikningi launaskriðs til sjúkraliða.
- Bókun 8 er ekki í vinnslu, en farið verður fram á fund með fulltrúum ráðuneytisins sem fyrst.

9. Droplaugarstaðir

SBF gerði grein fyrir fundi sem hún og GÖG áttu með tveimur sjúkraliðum sem starfa á Droplaugarstöðum. Á fundinum óskuðu sjúkraliðarnir eftir stuðningi félagsins til að gerðar verði alvarlegar athugasemdir við starfsemi stofnunarinnar og aðbúnaði þjónustuþega/heimilisfólks. Ákveðið var að taka saman athugasemdir þeirra, sem eru mjög alvarlegar og óska í framhaldi af því eftir fundi með aðila hjá Embætti landlæknis sem hefði með málið að gera og fara fram á rannsókn.

10. Fundir framkvæmdastjórnar á komandi sumri

Farið var yfir að eðli máls samkvæmt lögju fundir framkvæmdastjórnar niðri yfir sumarið, en ef ástæða þætti til þá yrði kallað til fundar. Næsti fundur verður 22. ágúst.

11. Fundur fulltrúa SLFÍ með framkvæmdastjóra hjúkrunar og deildarstjóra menntamála á LSH um stöðu sjúkraliða á stofnuninni og möguleika þeirra til framtíðar

Fram kom að fundurinn hafi verið mjög gagnlegur þ.s. aðilar fóru yfir sínar áherslur varðandi stöðu sjúkraliða á stofnuninni og mikilvægi þeirra. Mikil umræða var um menntamál, framganginn og skortinn á sjúkraliðum, rætt var um kennslu/öryggisnámskeið sem spítalinn býður upp á sem fer fram í hermi. Einnig var rætt um mikilvægi þess að þeir sem væru í forsvari fyrir stofnunina hafi í huga mikilvægi stéttarinnar í raun og einnig í ræðu og riti.

12. Námsstefna á vegum embættis ríkissáttasemjara um samningagerð

Ákveðið hefur verið vegna mikillar eftirspurnar eftir námskeiðum sem Ríkissáttasemjari stendur fyrir um samningagerð að bæta við námskeiðum í haust. Námskeiðin í samningagerð verða haldin dagana 1.-3. október, 5.-7. nóvember og 19.-21. nóvember. Fulltrúar SLFÍ verða á námskeiðinu 1. – 3. október.

13. Júníblað Sjúkraliðans

Fram kom að efnistösk blaðsins hafi verið mikil og fjölbreytt og blaðið væri fullunnið og komið í prentun.

14. Bjarg íbúðarfélag, tilnefning á fulltrúa félagsins í fulltrúaráð Bjargs

SBF ræddi að formaður BSRB hefði óskað eftir tilnefningu á fulltrúa SLFÍ í fulltrúaráð Bjargs íbúðarfélags í stað fyrverandi formanns. Ákveðið var að SBF fari inn í ráðið.

Önnur mál

- Farið var yfir meint eineltismál sjúkraliði sem verið hefur í ferli. Niðurstaða rannsakanda var að ekki væri um einelti að ræða, en málið verður skoðað áfram.

Fundi slitið kl. 18.15